



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík**

rakel.kristjansdottir@umhverfisstofnun.is

Selfossi, 17. júlí 2018
1806060HS SG

**Efni: Umsögn um Greinargerð. Áhrif hugsanlegrar mengunar á umhverfið -
kjúklingabú Jarlsstöðum**

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið til umsagnar, með bréfi Umhverfisstofnunar (UST) dags. 4. júlí sl., greinargerð UST í tengslum við starfsleyfisgerð fyrir kjúklingabú að Jarlsstöðum, Rangárþingi ytra, fyrir >40.000 fugla. Með vísun í upplýsingaskýldu UST til almennings og viðeigandi aðila, sbr. reglugerð nr.550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir greinargerðina og gerir ekki efnislegar athugasemdir fyrir sitt leyti við hana sem slíka.

Þó er bent á eftirfarandi:

1. Í bréfi með greinargerðinni eru ekki rétt varðandi auglýsingu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna útgáfu starfsleyfis fyrir kjúklingabú þ.e. Jarlsstaði fyrir færri en 40.000 fugla sbr. lög nr. 7/1998. Í greinargerðinni segir að auglýsingaferlið hafi farið fram í júní, en hið rétta er að starfsleyfisskilyrðin voru auglýst 2. maí sl. með lögbundnum fresti til athugasemda í fjórar vikur og rann sá frestur út 30. maí sl. sjá slóð á heimasíðu HSL: <https://www.hsl.is/2018/05/starfsleyfi-til-kynningar-alifuglabu-jarlstodum/> Starfsleyfið var gefið út 4. júní sl.
2. Í greinargerðinni á bls. 2 vantar dagsetningu álits Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum. En það var gefið út 16. maí sl.
3. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur einnig þegar sent með tölvupósti dags. 6. júlí sl. ábendingu um fjarlægðarmörk sbr. reglugerð 941/2002 um hollustuhætti:

Í línunum 2-4 á bls. 5 í greinargerðinni segir að í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti sé tiltekið í grein 24 að óheimilt sé að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvælaFYrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur **500 m**.

Þetta ákvæði var felld út úr rgl. 941/2002 með reglugerð nr. 518/2015.



4. mgr. 24. gr. rgl. 941/2002 hljóðar nú svo:

Hæfileg fjarlægð skal vera á milli mannbústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og mengandi atvinnustarfsemi og annarri starfsemi sem valdið getur óþægindum hins vegar. Þar sem kveðið er á um fjarlægðarmörk í öðrum reglugerðum eða í skipulagi skal taka tillit til þeirra marka.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri